

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2012

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk) 692. mál - þingskjal 1124.

**Landssamtökin Þroskahjálp mæla eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt og gera ekki athugasemdir við texta þess enda hann unnin í samráði við samtökin.**

### **Greinargerð**

Umræður um þörf á sértækri réttindagæslu og réttarvernd til handa fötluðu fólki og þá sérstaklega fólki með þroskahömlun hafa staðið yfir í allmörg ár. Því verða það að teljast nokkur tíðindi að á Alþingi hafi nú verið lagður fram síðast hlutinn af nokkuð heildstæðri löggjöf um það efni.

Fyrsta alþjóðasamkomulagið um málefni fólks með þroskahömlun er frá árinu 1971 en það ár samþykktu S.Þ. svokallaða Jerúsalemyfirlýsingu frá árinu 1968 um réttindi fólks með þroskahömlun.

Yfirlýsing þessi kveður á um réttindi fólks með þroskahömlun og í 1. grein er ákvæði um að fólki með þroskahömlun beri öll þau almennu réttindi sem fólk í sama landi og á sama aldri hafi.

Í yfirlýsingunni er ákvæði um vernd gegn ofbeldi og auðmýkjandi meðferð og að allar aðgerðir sem takmarki sjálfsákvarðanarétt þurfi að hafa reglustoð til að koma í veg fyrir misnotkun. Slíkar ákvarðanir þurfi að taka af þar til bærum sérfræðingum og vera til stöðugrar skoðunar jafnframt sem þær séu kæránlegar til æðra stjórnvalds.

## Umræðan á Íslandi.

Eins og sést á framansögðu eru viðfangsefnið nú í dag að mörgu leiti þau sömu og bent var á fyrir rúmum 40 árum, þ.e.a.s. vernd gegn inngrípum í líf einstaklings sem ekki eiga sér reglustöð og eftirlit með því kerfi sem aðstoðar fólk við sjálfsákvörðanatöku.

Hér á landi er þessi umræða orðin að minnsta kosti 20 ára gömul. Árið 1992 var eftirfarandi sett í stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar: „*Vinna skal að því að sett verði ákvæði í lög og reglugerðir um þjónustu við fatlaða sem banni óþarfa þvinganir, valdbeitingu, refsingar og íhlutanir í einkalíf þeirra*“.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa allar götur síðan barist fyrir því að slík ákvæði verði sett í lög og staðið fyrir umræðu um þessi mál bæði við stjórnvöld og þá aðila sem hafa komið að þjónustu við fólk með þroskahömlun. Samtökin hafa staðið fyrir málþingum og leitað álits bæði lögfræðinga og siðfræðinga. Lengi vel var umræðan um þetta málefni afar viðkvæm og tilhneiging til að vilja ekki kannast við að hér væri um raunverulegt álitamál að ræða.

Landssamtökin Þroskahjálp, ásamt m.a. Þroskaþjálfafélagi Íslands, hafa hinsvegar talið að það þyrfti að nást einhver niðurstaða í þetta mál bæði til að tryggja velferð þjónustuþeganna og ekki síður að starfsfólk fengi skýrar reglur um hvernig bæri að standa að því vandasama starfi að virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga en jafnframt að tryggja að einstaklingar sem vegna fötlunar sinnar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á afleiðingum gerða sinna, valdi ekki sjálfum sér eða öðrum skaða. Að mati reyndra lögfræðinga er þörf á breytingum á íslenskri löggjöf til að koma til móts við og tryggja skráningu á slíkum inngrípum í sjálfsákvörðunarrétt lögráða einstaklinga.

## Reynsla Norðmanna:

Í Noregi höfðu umræður um aðgerðir til að draga úr nauðung staðið yfir um langt árabil áður en sett voru sérstök ákvæði í félagsþjónustulög þar á landi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar. Var þetta gert árið 1999. Reynsla Norðmanna af slíkum lagaákvæðum er almennt talin hafa verið góð þó vissulega hafi verið bent á hnökra við framkvæmd þeirra. Árið 2002 komu í heimsókn til Íslands fulltrúar sérstakrar nefndar sem fylgdist með framkvæmd laganna í Noregi og funduðu m.a. með fulltrúum Þroskahjálpar og félagsmálaráðuneytis. Í greinargerð sem nefndarmenn sendu frá sér eftir Íslandsheimsókn sína kom það álit fram að þeirra mat væri að á Íslandi skorti löggjöf um þessi mál m.a. til að uppfylla ákvæði 8.gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Sú tillaga sem nú liggur fyrir Alþingi Íslendinga byggir um margt á norskri löggjöf.

## Bakgrunnur núverandi frumvarps:

Eins og fram hefur komið hafa Landssamtökin Þroskahjálp margoft bent á nauðsyn þess að fjalla um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar svo og að tryggja skráningu slíkra

atburða. Í maí 2004 óskaði félagsmálaráðuneytið eftir því við samtökin að þau ynnu greinargerð um málið fyrir ráðuneytið þar sem fram kæmi;

1. Staða mála hér á landi.
2. Aðgerðir annarra landa.
3. Hugsanlegir leiðir til úrbóta.

Ráðuneytið óskaði eftir því að slík greinargerð væri unnin í samvinnu við þjónustuaðila og fagaðila svo og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Landssamtökin Þroskahjálpar skiluðu til ráðuneytisins umbeðinni greinargerð í desember 2005.

Í framhaldi af m.a. þessari greinargerð skipaði félags-og tryggingamálaráðherra því starfshóp um réttindagæslu fatlaðs fólks árið 2007. Sá starfshópur skilaði tillögum sínum árið 2009 og byggðu þær tillögur m.a. á greinargerð Þroskahjálpar. Þar var lagt til að lög yrðu sett til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk.

Tilkoma Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur einnig sett þessa umræðu í nýtt samhengi en í samningnum er að finna nokkrar greinar um m.a. borgaraleg réttindi fatlaðs fólks, skyldur ríkja til að koma í veg fyrir gerræðislegar frelsissviptingar og misbeitingu, svo og fyrirkomulag réttindagæslu. Hvað varðar það efni sem hér er til umfjöllunar, þ.e.a.s. aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar, má sérstaklega benda á ákvæði 14. gr. sem fjallar um frelsi og öryggi einstaklingsins svo og 17. gr. þar sem fjallað er um verndum friðhelgi einstaklingsins. Vandséð er að hægt verði að fullgilda samninginn hvað þessar greinar varðar nema með samþykkt þess lagafrumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Við afgreiðslu nýrra laga um málefni fatlaðs fólks í desember 2010 var síðan sett inn í ákvæði til bráðabirgða að velferðarráðherra skyldi eigi síðar en 1. mars 2011 leggja fram frumvarp um réttindagæslu byggt á niðurstöðum áðurgreinds starfshóps.

Frumvarpið skyldi innihalda m.a. ákvæði um trúnaðarmenn (nú réttindagæslumenn), persónulega talsmenn og nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar. Síðar varð að samkomulagi á milli velferðarráðherra og Alþingis að skipta framlagningu þessa frumvarps upp og bíða með framlagningu ákvæða hvað varðar aðgerðir til að draga úr nauðung þar til síðar. Lög um réttindagæslu nr. 88/2011 voru síðan samþykkt með gildistöku 1. júlí 2011. Í ákvæði til bráðabirgða þeirra laga er m.a. að finna eftirfarandi: „*Ráðherra skal eigi síðar en 1. nóvember 2011 leggja fram á Alþingi frumvarp til laga þar sem m.a. eru lögð til ákvæði um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Frumvarpið skal ráðherra vinna í samstarfi við ráðuneyti mannréttindamála.*“ Hér er komið fram það frumvarp.

Landssamtökin Þroskahjálpar töldu mikilvægt að reifa forsögu þessa frumvarps til að varpa ljósi á það að málið hafi verið lengi til umræðu og hafi fengið mikla skoðun og nokkra umræðu. Því sé nauðsynlegt og tímabært að afgreiða málið núna.

Niðurlag:

**Eins og fram hefur komið er hér um að ræða mikilvægar breytingar á réttindagæslu fatlaðs fólks. Slík lagasetning er ekki einvörðungu til þess fallin að tryggja réttarvernd heldur eru slík lög ekki síður yfirlýsing um að þessir einstaklingar búi nú við full mannréttindi en þurfi, vegna fötlunar þeirra, að grípa inni sjálfsákvörðunarrétt þeirra verði það ekki gert nema farið sé að lögum og undir ströngum skilyrðum og eftirliti.**

**Landssamtökin Þroskahjálpar leggja því til að frumvarpið verði samþykkt.**

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

---

Gerður A. Árnadóttir, formaður

---

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Ítarefni :

Declaration on the rights of mental retarded persons no. 2856 United Nations, 20. des 1971

Greinargerð um þvingun og valdbeitingu sem fatlað fólk verður fyrir í búsetuþjónustu Landssamtökin Þroskahjálpar 2005. (Óbirt)

Nefndarálit félags- og trygginganefndar Alþingis um frumvarp til réttindagæslu lagt fram á 139. löggjafarþingi þskj. 1623

Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, desember 2006

Stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar útgefin 1992

